

**Fulltrúaráðsfundur í Gerðubergi**  
**26.apríl 2006 kl. 19.30.**

**Mættir auk stjórnarfólks fulltrúar allra deilda utan Spanieldeildar, Íþróttadeildar og Svæðafélags Norðurlands.**

**Efni fundarins:**

**1. Jóna Th. Viðarsdóttir formaður flutti fréttir frá stjórn HRFÍ:**

Stjórn hefur fundað 23 sinnum frá síðasta aðalfundi þann 18. maí sl.

**Skrifstofa**

Þrjár starfsstúlkur eru í hlutastarfi, þær Hanna Björk Kristinsdóttir, Helga Andrésdóttir og Margrét G. Andrésdóttir.

Miðað við tölur frá 2005 og sífellda aukningu í allri starfsemi félagsins það sem af er árinu, er fyrir séð að mikið starf er framundan hjá starfsfólkinu.

**Tölulegar upplýsingar frá 2005**

Skráningar í ættbók	816
Innfl.hundar	85
<b>Samtals</b>	<b>901</b>
Skráning á sýningar	1907
Afsöl/breytingar í ættbók	293
Mjaðmam. hundar	156
Olnbogam. hundar	74
Augnskoðaðir hundar	339
Ræktunarnöfn	36

**Starfshópur um bættu hundamenningu**

Óbreytt staða frá síðasta fulltrúaráðsfundi varðandi drög að endurnýjun hundasamþykktar í Reykjavík. Skv. áreiðanlegum upplýsingum var þetta mál tekið af dagskrá nefndar hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

**Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda**

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda voru sendir út í byrjun apríl. Nýtt útlit er á greiðsluseðlum í ár vegna félagsgjalda. Jafnframt var hannað félagsskírteini sem sent var með greiðsluseðlunum.

Hugmyndin að þessu útliti er fengin að láni frá SKK. Gjalddagi félagsgjalda var 21. apríl sl. og til þess að hafa kjörgengi og kosningarétt á aðalfundi þarf að greiða félagsgjald 5 virkum dögum fyrir aðalfund.

### **Nordic Championship in Junior Handling**

Ákveðið hefur verið að senda 4 stigahæstu unga sýnendur í eldri flokki í Norðurlandakeppnina í ár. Verður hún haldin í lok nóvember í Hamar í Noregi. Fylgdarmaður/þjálfari verður með í för. Þann 18. apríl sl. sótti Auður Sif Sigurgeirsdóttir formaður Unglingadeildar fund í Oslo vegna skipulagningar keppinnar. Unglingadeildin kom að sýningarþjálfun fyrir síðustu sýningu og rennur aðgangseyrir í sérstakan sjóð til styrktar keppendum hverju sinni. Einnig aðstoðaði Unglingadeildin við sýningarþjálfun hjá Cavalierdeildinni og lét deildin það sem inn kom kr.12.000 ganga í þennan sjóð. Á opnu húsi þann 8. febrúar tilkynnti Soffía Kwaszenko f.h. Royal Canin að fyrirtækið myndi greiða flugfar fyrir 1-2 keppendum. Ástrós Gunnarsdóttir ætlar að styrkja keppendur með fatnað úr Vero Moda.

### **Vinnuhópur í skapgerðarmati**

Þrjú skapgerðarmöt voru haldin á síðasta ári. Gert er ráð fyrir a.m.k. 6 mötum fram á haust.

Að þessum vinnuhópi koma metnaðarfullir félagsmenn sem standa þétt saman og árangurinn er eftir því. Fjórir prófstjórar voru útskrifaðir þann 3. apríl sl. og fengu því til staðfestingar afhent skírteini. Þessi hópur hefur á að skipa í dag 10 leikmönnu, 6 prófstjórum og 2 matsmönnum. Fjórir nýir liðsmenn eru nú að bætast í hópinn. Nýir námssamningar hafa verið samþykktir fyrir prófstjóra og leikmenn.

### **VÍS Agria dýravernd**

Formaður fundaði með fagraði VÍS Agria þann 23. febrúar. Þar kom margt áhugavert fram m.a. að hundaeigendur eru að standa sig vel varðandi tryggingar á hundum sínum. En betur má ef duga skal. Hafa þessar tryggingar komið mörgum hundeigandanum vel. Þess má geta að félagsmenn fá 10% afslátt af dýratryggingum.

Stjórn HRFÍ var með kynningarbás og hundar af 30 hundakynjum voru kynntir á VÍS/Agria hátíðinni í reiðhöllini Víðidal þann 2. apríl sl. Hefur félaginu borist þakkarbréf frá VÍS Agria fyrir þátttökuna.

## Breyting á sýningarreglum

### Kafli XVI. Sérákvæði um meistarareglur fyrir vinnu- og veiðihunda

Neðangreindar breytingar og viðbætur voru gerðar á sýningarreglum HRFÍ varðandi alþjóðlegan meistaratítul til samræmis við niðurstöðu FCI. Hægt er að skoða þennan kafla í heild sinni á vefsíðu félagsins.

Einnig þurfa vinnuhundar (Working/Utility) í tegundahópi 1, 2, 3, 4, 5, 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að að verða alþjóðlegur sýningarmeistari (INTUCH):

1. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. *Dæmi: frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005.*
2. Skapgerðarmat
3. Bronsmerki í hlýðni
4. Sporleitarpróf I, viðurkennt af HRFÍ

### Tegundahópur 7

Einnig þarf hundur úr tegundahópi 7 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn alþjóðlegur sýningarmeistari (INTUCH):

1. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. *Dæmi: frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005.*
2. Hafa lokið veiðiprófi í samræmi við eiginleika viðkomandi hundakyns á veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ.

### Tegundahópur 8

Einnig þurfa retrieverhundar úr tegundahópi 8 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn alþjóðlegur sýningarmeistari (INTUCH):

1. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. *Dæmi: frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005.*
2. Hafa lokið veiðiprófi í samræmi við eiginleika viðkomandi hundakyns á veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ.

## Sámur

Þurý Bára Birgisdóttir ritstjóri og Þráinn Lárusson, sem sá um umbrot, sendu óvænt tilkynningu þann 13. mars sl. um að þau treystu sér ekki til að koma lengur að útgáfu Sáms. Þau höfðu áður tilkynnt þann 9. janúar, að vegna tímaskorts gætu þau ekki lengur komið að útgáfunni, en ætluðu engu að síður að klára 1. tbl. 2006. Þá voru góð ráð dýr þar sem Sámur hefði svo gott sem átt að vera tilbúinn til prentunar. Þann 21. mars sl. samþykkti Inga Björk Gunnarsdóttir að taka að sér ritstjórn Sáms. Verður hennar fyrsta verk að ýta úr vör 1. tbl. sem áætlað er að komi út fyrir 10. maí. Með því komumst við hjá því að senda sérstaklega út fundarboð til allra félagsmann vegna aðalfundarins. Ef það næst spörum við a.m.k. 150.000 – 200.000 auk óþarfa vinnu á skrifstofu. Til þess að þetta geti gengið eftir ákvað Inga að vera heima við þetta kvöld og vinna við blaðið, en bað fyrir góðar kveðjur á fundinn.

Er Inga Björk boðin velkomin til starfa um leið og Þurý Báru og Þráni er þakkað fyrir samstarfið.

## Ársfundir deilda og skil á skýrslum

DÍF	19. febrúar
VHD	25. febrúar
Spanieldeildin	í febrúar
Deild þýska fjárhundsins	6. mars
Smáhundadeild	mars
Chihuahuedeildin	mars
Terrierdeild	22. mars
Retrierverdeildin	23. mars
Tíbet spanieldeild	28. mars
Cavalierdeildin	5. apríl
Unglingadeildin	5. apríl
Írsk setterdeildin	10. apríl

Deild enska setans, Ensk cocker spanieldeild, íþróttadeild og úrvaldeild hafa samkvæmt bestu vitneskju ekki haldið ársfundi.

## Svæðafélagið á Akureyri

Starfsemin komin í gang. Formaður lenti í áföllum og er að fara aftur af stað. Verður hún með á næsta fulltrúaráðsfundi.

## Málefni Hundaskóla HRFÍ

Frá síðasta fulltrúaráðsfundi hefur vinnuhópur, sem kom að uppbyggingu hundaskólans fundað 3svar sinnum.

Miðað við gang mála í vinnuhópnum finnst formanni persónulega allt benda til þess að ekkert verði af rekstri Hundaskóla á vegum HRFÍ. Nauðsynlegt er að fá niðurstöðu í þessi mál sem fyrst. Í bréfi dagsett 1. mars sl. bjóðast þær Guðrún Hafberg og Valgerður Júlíusdóttir til kenna áfram á hvolpa- og grunnnámskeiðum undir merkjum HRFÍ á

meðan ákveðið er með framhald Hundaskóla HRFÍ. Var það samþykkt á stjórnarfundi. Ekki hefur verið gengið frá samningi við þær þar að lútandi.

### **Stofnun nýrra deilda**

Fjár- og hjarðhundadeild HRFÍ. Safndeild fyrir hunda úr tegundahópi 1.

Schnauzerdeild- vantar álit formanns Vísindanefndar.

Væntanlega verður tillaga að stofnun þessara tveggja deilda lögð fyrir á næsta aðalfundi.

Mögulegt er að þriðja deildin bætist við.

### **Sumarlokun á skrifstofu**

Sumarlokun verður á skrifstofu frá og með mánudeginum 24. júlí. Þriðjudaginn 8. ágúst opnum við á ný.

### **Sumaropnunartími skrifstofu**

Frá og með 1. júní og til og með 31. ágúst verður opnunartími skrifstofu sem hér segir: Mánudaga og föstudaga frá kl. 9-13 og þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 11-16.

### **Ýmsir atburðir á vegum félagsins frá síðasta fulltrúaráðsfundi:**

1. Ræktunarnámskeið á Hótel Geysi 21. – 22. janúar sl. Um 20 manns sóttu námskeiðið. Allir þátttakendur voru ánægðir með fróðlegt námskeið og góða staðsetningu fjarri skarkala borgarinnar. Leiðbeinandi var Kenneth Edh dómari frá Svíþóð.
2. Opið hús í veislusal reiðhalla Gests þann 8. febrúar sl. Um 130 manns sóttu fundinn, sem þótti takast vel. Karl Karlsson dýralæknir frá Umhverfisstofnun flutti erindi um dýravernd og hundahald í atvinnuskyni. Helga Finnsdóttir dýralæknir og formaður vísindanefndar HRFÍ hélt fyrirlestur um lifrabólgu í hundum, stöða mála í þeim efnum og framtíðarhorfur. Anna Francesca sagði frá starfsemi Unglingadeildar. Sigríður Bílddal leiðbeinandi hjá Hundaskóla HRFÍ og umsjónarmaður Skapgerðarmats hélt kynningu um matið, tilgang þess og upphaf.
3. Námskeið fyrir sýningarritara í Gerðubergi þann 11. febrúar sl. Undirbúningur var í höndum Moniku Karlsdóttur en hún og Lilja Dóra Halldórsdóttir héldu námskeiðið
4. Upprifjun var síðan 22. febrúar. Tveir þóttu til þess fallnir að þreyta próf fyrir sýninguna. Allir sem voru á námskeiðinu störfuðu á sýningu félagsins í mars.
5. Námskeið „Að starfa í stjórn“ fyrir stjórnarmeðlimi í ræktunardeildum hjá Leiðtogaskóla UMFÍ. Þrjú námskeið hafa nú þegar verið haldin 25. janúar, 15. febrúar og 5. apríl. Um 50 manns hafa sótt þessi námskeið. Næsta námskeið verður 13. september.

6. Alþjóðleg ræktunarsýning fór fram í Reiðhöllinni Víðidal í mars.  
Enn eina ferðina var slegið met í skráningu eða samtals 620 hundar. Um 1200 manns greiddu aðgangseyri. Var fjöldi sölu- og kynningarbása auk kynningarbása frá flestum deildum.  
Stjórn HRFÍ tók ákvörðun um að framvegis verði höfð til sölu barmmerki á hverri sýningu. Merkin verða merkt viðkomandi sýningu og upplag hvers merkis verður takmarkað, þar með öðlast þau söfnunargildi.  
Mynd af mismunandi hundategundum verður svo sett á merkin. Á marssýningunni var það íslenskur fjárhundur.
7. **Veiðipróf**  
Retrieverdeild: 1. og 20. apríl  
VHD: 4.febrúar opinn fl., 1.apríl Ellaprófið, 21.-23.apríl Desí prófið

### **Á döfnni hjá félaginu:**

1. Fyrirlestur hjá Lars Fält 29. apríl í Gerðubergi
2. Veiðipróf  
Retrieverdeild: 29.04., 6.05., 27.05., 15.-16.07. og 5.-6.08.  
VHD: Írsk setter prófið 5.-7. maí.
3. Aðalfundur félagsins verður haldinn í veitingasal Gusts í Kópavogi, sunnudaginn 21. maí kl. 14. Kjörgengi og kosningarétt hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fimm virkum dögum fyrir aðalfund.
4. Dýralæknarnir Finn Boserup og Susanne Kaarsholm frá Danmörku augnskoða hunda í Sólheimakoti laugardaginn 20. maí. Það er skylda hjá fjölmörgum hundategundum að niðurstaða augnskoðunar liggi fyrir hjá undaneldisdýrum fyrir pörun.
5. Sumarsýningin fer fram í reiðhöllinni í Víðidal helgina 24.-25. júní.  
Skráningarfrestur rennur út 26. maí. Skrifstofan verður opin þann dag til kl. 17.  
Hægt er að skrá á sýninguna á vefsíðu félagsins til miðnættis þennan dag.
6. Sýningarþjálfun
7. Boðið verður upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og unglingadeildar. Nánar auglýst á vefsíðunni.
8. Fyrirhugað er að fá kennara frá Svíþjóð til að leiðbeina áhugasömum um dans með frjálsri aðferð (freestyle). Nánar auglýst síðar.

9. Ræktunarnámskeið munu fara fram um mánaðarmótin júní/júlí, byrjun nóvember og hugsanlega um miðjan september. Leiðbeinandi verður dómari og Íslandsvinurinn Hans Áke Sperne frá Svíþjóð. Nánar auglýst síðar.
10. Sýningarrítaranámskeið fyrir áhugasama verður haldið síðar á árinu, ef næg þátttaka verður. Áhugasamir skrái sig sem fyrst. Undirbúningur og umsjón námskeiðsins er í höndum Moniku Karlsdóttur
11. Námskeið „*Að starfa í stjórn*” sem haldið er á vegum Leiðtogaskóla UMFÍ, verður næst haldið miðvikudaginn 13. september. Námskeiðið er ætlað fyrir stjórnir deilda og aðra áhugasama félagsmenn. Skráning stendur yfir.
12. Áætlað er að skapgerðarmat fari fram á eftirfarandi dögum:
  - 26.-28. maí 2006.
  - 10. júní 2006. (Eingöngu fyrir hunda úr ákveðnum gotum.)
  - 11.-13. ágúst 2006. (Eingöngu fyrir hunda úr ákveðnum gotum.)
  - 25.-27. ágúst 2006.
  - September 2006 verður bætt við ef eftirspurn er eftir því

## **2. Punktar frá NKU fundum – Guðríður Þ. Valgeirsdóttir**

### **Punktar frá NKU fundi í Kaupmannahöfn 22. september 2005.**

Samningar hafa náðst við Agria tryggingarfélag um samvinnu við hundaræktarfélagin á Norðurlöndum um að halda utan um skráningu á sjúkdómum í hundum og má reikna með að 2 – 3 ár þurfi til þess að markviss niðurstaða fáiast.

Fyrirspurn kom frá FKK varðandi hunda sem sýna árásarhneigð eða bíta.

Svíar hafa dreift eyðiblöðum til allra sem standa að prófum, keppnum og sýningum þar sem ber að skrá alla hunda sem annað hvort bíta eða sýna árásarhneigð. 50 -75 hundar á ári lenda þannig á svarta listanum hjá Svíum og í framhaldi af því er ca. helmingur hundanna útilokaður frá allri þátttöku. Algengast er að slíkt gerist í vinnuhundaprófum þegar hundarnir bíta figuranta.

Hjá SSK þýðir að fá 3x0 á sýn/prófum útilokar hundana frá áframhaldandi þátttöku.

SSK vilja að tilkynnt sé til þeirra þegar vitað er um hunda sem eru geymdir í bílum í ofsahitum eða þegar hundaeigendur ganga illa um hótélherbergi.

DKK – Hundur sem fær 2X 0 á sýningum eða prófum fær ekki að taka þátt meira. Eru það ca. 10 hundar á ári, að mestu leyti sýningarhundar.

NKK - 3x0 fá ekki að koma meira á sýningar, ekki reynt á það enn . Hundur mest fengið 2x0.

Sameiginlegur gagnagrunnur

Ekki talað um að búa til sameiginlegt norrænt kerfi, heldur kerfi þar sem er hægt að sækja upplýsingar í.

DKK og HRFÍ eru ekki komin með sinn gagnagrunn á netið.

1. júní væntanlega fyrsta keyrsla.

Svíar með Ísl. fjárhund

Finnar ekki vissir um að verða tilbúnir sem sinn hluta í vor.  
Vísindanefnd NKU – telur mikla þörf fyrir sameiginlegan gagnagrunn.  
Allir sammála um enska útgáfu.  
Aðgangur verður opinn fyrir alla meðlimi innan NKU.  
Persónuleynd er í sumum félögum, t.d. ekki gefnar uppl. um hjartagalla í hundum.  
Kom fram að það verði að virða þær reglur sem hundaræktarfélögin setja sér.  
Framtíðin er sem sé sú að það eigi að vera hægt að fletta upp hundi, viðkomandi land komi upp og síðan nánari upplýsingar um hundinn.

Misjafnt er hvernig félögin á Norðurlöndum vinna með umskráningar. SKK, DKK og FKK - við umskr. fá hundarnir nýtt númer. Þeir halda exportspetigree sem er síðan stimplað með nýju ættb.skr.númeri.  
Talað um nauðsyn þess að sameina fjölda talna í ættbókarnúmerum og munu ættbókarráð klúbbanna funda í vor.

Tvær ályktanir voru samþ. á fundinum sem átti að senda til FCI:

1. Benda Ameríska hundaræktarfélag á afleiðingar þess að bæta við eignarfalls g á ræktunarnöfnin .
2. Kanadamenn sleppa alveg að nota upprunalegu ættbókarskr.

Misjafnt í löndum innan NKU hvernig farið er með ættbækur frá öðrum löndum.  
Algengast er að viðurkenna þá pappíra sem eru lagðir fram af hundaeig. DKK hins vegar senda afrit til heimalandsins og biðja um staðfestingu þaðan.

Ólöglega innfl. hundar til Svíþjóðar – SKK – skrá þá ákveðið ekki.  
NKK – leiki minnsti vafi í áreiðanleika tollpappíra eru hundar ekki skráðir þar.  
Mikið smygl frá Rússlandi til Finnlands og síðan til Svíþjóðar. Dómur í eini slíku máli varðaði viðkomandi 6 mánaða fangelsi.

Frá samstarfshópi um aflestur röntgenmynda:

91 HD mynd - 35 AD myndir

Sömu myndirnar sendar til aflestrar og var munurinn of mikill.

Meiri mismunur á HD.

Shcäffer og St.Bernhard eigendur ósáttir við aflestur í Dk og horfa þá gjarnan til Þýskalands

Frá 1.jan. 2007 verður dýralæknum sem taka myndir til aflestrar í NKK skylt að sækja námskeið og er þegar búið að semja við Landssamb.dýralækna þar í landi. Dýralæknar jákvæðir hvað þetta varðar og hafa fengið í hendur bækling nú þegar um það hvernig hundar eiga að liggja í myndatökum. NKK - góð samvinna við dýralækna mikils virði, ekki síst í ljósi þess að dýralæknar geta auðveldlega eyðilagt mikið á ræktun hunda ef ekki er rétt að farið og einnig hvernig er farið með upplýsingar.

Kominn skriður á undirbúning fyrir sameiginlega keppni í Junior handling fyrir Norðurlönd. Danir komu með tillögu þess efnis um 4 þátt. frá hverju landi og var það samþ. NKK var falið að sjá um reglugerð fyrir Nordisk Mesterskap i Junior Handling .

Var talað um forkeppni á laugardegi og úrslit á sunnudeginum.

Var rætt um styrki keppendum til handa og kom fram hjá Dönunum að þeir styrktu sína fulltrúa í alþjóðlegum keppnum kr. 4000.00



Aukning er á flestum sviðum hjá Norðurlandapjóðunum.

DKK - fyrir 4 árum var farið að vinna eftir „siðfræðilegri stefnu“ varðandi ræktun hunda í samvinnu við dýralækni og erfðafræðing við danska landbúnaðarháskólann, og fól stefnan í sér tvær aðalreglur:

1. Ekkert ræktunardýr má vera foreldri af meira en 25% af hvolpum sem fæðast í viðkomandi hundakyni á eins árs tímabili.
2. Tík ætti ekki að eiga fleiri en 5 got á sinni ævi. Það sem er gert í DKK í dag, ef got númer 6 verður til - aðvörun, ef svo got 7 verður til, er gotið skráð, en með ræktunarbanni.

Að þeirra mati á alls ekki að para tíkur sem eru orðnar 8 ára gamlar.

Þessar reglur hafa skapað deilur, 20% eru neikvæðir - 80% jákvæðir.

Í litlum stofnum hefur þetta með 25% af fæddum hvolpum skapað deilur af mörgum ástæðum. Var vonast til að með tilkomu þessarar reglugerðar, myndu ræktendur frekar leita út fyrir landsteinananna heldur en að flytja inn dýra ræktunarahunda.

NKK eru með svipaðar reglur

SKK eru strangari. 5 got er hámark á eina tík, ekki para í hverju lóðarí. Eftir got þurfa að líða 13 mánuðir. Hámarks aldur tíka í þörun eru 7 ár og þá með vottorði frá dýralækni.

FKK ekki með takmörkun á fjölda gota, en 10 mánuðir þurfa að líða á milli gota. Er verið að ræða um að setja lágmarks og hámarks aldurstakmörk.

Í Danmörku voru veittar 5 millj.dkr til dýraverndar og þar af fékk DKK 650 000 til að framleiða dvd: fræðslu fyrir þá sem ætla að fá sér hund. Diskurinn verður gefinn fólki. Er möguleiki að við í hinum félögunum fáum að þýða diskinn og nota hann í sama tilgangi.

SKK ætla að gefa út bók um sænsku þjóðarhundana.

Nýjar umræður um DNA próf – PRA í labradorhundum. Optigen

Eru þeir á lokasprettinum að ganga frá nýjum sýningar og meistarareglum, sem verður svo ekki breytt næstu 5 árin.

NKK – sjá um einstaklingsmerkingu á öllum dýrum í Noregi nema hestum og fá tekjur af hverju einasta merki. Þeir eru líka að vinna í því að verði skylda að örmerka alla hunda í landinu.

1.janúar s.l. höfðu þeir sett sér að hægt yrði að taka á móti stafrænum röntgenmyndum með tölvupósti.

Nkk vilja setja reglur, að þar sem foreldrar eru með sterka gráðu í HD eða AD, verði got skráð með ræktunarbanni.

Aukning er á flestum sviðum í starfi hinna hundaræktarfélaganna eins og hjá okkur, Finnarnir minntust ekkert á fjárhagsstöðu í sínu félagi en fulltrúar hinna félaganna voru þeim mun brattari hvað þetta varðar.

## **Punktur frá NKU fundi í Helsinki 21.mars 2006**

Dýralæknar í Svíþjóð – 100 tegunda úrtak – um 200 þús.hundar.

Byrja n.k. vor – Agria jákvæðir með samvinnu um norræna skráningu á sjúkdómum í hundum

1.júlí – sameiginlegur norrænn gagnagrunnur - hvatning til hundaræktarfél. að miðla upplýsingum.

Kari Järvinen FKK og stjórnarmaður í FCI sagði að búið væri að ákv. v.alþjóðatitil fyrir Ísland.

DKK með samkomulag við hundaræktarfélagið í Litháen.

Félagar í þessum félögum geta farið á milli þessara landa með fullcertaða hunda og orðið landsmeistarar hins landsins með því að ná einu certi í viðkomandi landi.

Rætt var um nauðsyn þess að Norðulöndin samræmdu reglur varðandi Eystrasaltlöndin.

NKK – til þess að verða norskur meistari, þarf viðkomandi hundur að fá a.m.k. eitt certið á alþjóðlegri sýningu. Er þetta gert til þess að hundar geti ekki orðið norskir meistarar, aðeins með því að mæta á litlar sýningar.

Tillaga frá FKK að aðildarlönd NKU ættu að hafa sömu reglur varðandi

Norðurlandameistartitil og að viðkomandi hundur sé meistari í 4 löndunum, en ekki þremur.

Kom fram hjá SKK að hundar í sumum tegundum gætu aldrei orðið

Norðurlandsmeistarar þar sem aðrar kröfur eru gerðar til einstaka tegunda í DKK en hjá SSK.

NKK – nauðsynlegt að samræma sýningarreglur t.d. má dómari sýna? og hve stuttu eftir got má sýna tíkur, bólusetningar og lyfjanotkun.

FKK – ekki með tímamörk hvenær má sýna tíkur eftir got, en SKK leyfa hins vegar ekki að sýna tíkurnar fyrr en 75 dögum eftir got. Hafa orðið árekstrar vegna þessa.

Menn sammála um að auðvelt væri að sameina reglur varðandi sýningarnar, en misjafnt hversu auðvelt væri hvað bólusetningar varðar miðað við núverandi kröfur landanna.

NKK kom með tillögu um 2-3 manna nefnd yrði sett á laggirnar og sem myndi leggja fram tillögur um þessi mál.

SKK- frá þeim kom tillaga þess efnis að á Norðurlanda hundasýningum verði valinn

Norðurlandameistari, þ.e.a.s. besti hundur af Norðurlandahundakynjunum.

Fundarmenn beðnir að íhuga málið og koma með tillögur.

SKK, NKK og FKK (DKK ekki á staðnum) dæma alltaf á sínum sýningum besta hund af þeirra landa hundakynjum.

FKK - hvort landameistarar ættu e.t.v. að koma saman á einni sýningu?

SKK - Umræður um hvernig Norðurlöndin gætu á sem bestan máta komið á framfæri sínu álitu (afstöðu) á þegar um er að ræða hundaverslun og húsdýramarkaði, sem hefur aukist mikið og ekki síst í Póllandi með sjáanlegum áhrifum á Norðulöndum.

NKK – ræktun þar í landi af góðum gæðum.

SKK - vilja opna umræðuna - smygl á a.m.k. á 200 hundum á ári - alls staðar faldir hvolpar

FKK - Miklu smyglað frá Eystlandi og Rússlandi - sést mikið af eyrnastíffðum hundum á götunum. Sögðu þá vera fyrsta FCI landið sem ekki hafi viðurkennt ættbækur frá Ungverjalandi. Var lokað á þá um tíma, en núna væri tekið við þeim. Kari Järvinen sagði Ungverja eiga fulltrúa í Evrópuráðinu og sagði að það þyrfti að spyrna við fótum varðandi vinnubrögð þeirra. Sagði hann að Ungverska hundaæktarfélagið falsi ættbækur og hvatti fundarmenn til að kíkja á heimasíðu þeirra og skoða þar ættbækur . FKK eiga góða samvinnu við samtök dýralækna vegna svona mála.

Hundaæði (rabies) í Eistlandi- stórt vandamál að ná til þeirra er kaupa smyglaða hvolpa, koma etv. til dýralæknis með dýrin og hvað ef dýralæknirn er bitinn af smygluðum óbólusettum hundi frá hundaæðis landi!

NKK tók undir að smygl væri stórt vandamál- sjúkdómaáhætta. Ágæt samvinna við tollyfirvöld og dýralækna þar í landi.

SKK –FCI breeding comitty- koma af stað umræðum um gæði alvöru ættbóka.

Kom fram að 3000 hundar í SKK eru frá Ungverjalandi.

NKK – mjög ákveðnir með það að FCI getur ekki bara fjallað um góðu málin í hundaheiminum- verður að taka á málum sem þessum.

Átti að beina þeirri spurningu til DKK af hverju þeir viðurkenna ekki ungverskar ættbækur ( Danir áttu ekki fulltrúa á fundinum)

Þeirri spurningu varpað fram hvort NKU lönd ættu að loka á ættbækur frá Ungverjalandi.

## Mútur – plott í Brussel

Jörgen Hindse Madsen form. DKK og form. Evrópu Sektion veit mest um þetta en hann var ekki á fundinum.

Álit fundarmanna „Lítið að gerast í Brussel” – aðeins kosningar.

--        -                --        ----    Evrópu Sektion

Eyvind Mjærum form NKK vildi meina að hugsunin með FCI að samtökin væru í fararbroddi með reglur og annað sem varðar hunda. 3/7 '08 væntanlega nýjar reglur t.d. með flutninga á hundum og sameina reglur hvernig ID merki skuli nota.

Eyvind - Euro Sektion ætti að beita sér fyrir takmörkun varðandi hvolpaframleiðslu og smygl.

Nordisk mesterskap í junior handling

NKK ekki komnir með reglur varðandi keppnina – fundur í Noregi 17/4.

Ole Arild frá NKK sagði það algjört skilyrði að einn fullorðinn fylgdi keppendum og sagði jafnframt sjá framtíðina í freestyle- kannske eftir 2 ár. Það gæti orðið flott og eini möguleikinn á því að sjónvarpið fengi áhuga að senda út.

Skýrsla frá vísindanefnd NKU: Röntgen , örmerkinga og DNA nefndunum.

-        -    hlýðniefnd NKU

FKK – aukning í öllu

Fengu úthlutað 1 klst í sjónvarpi á aðfangadag

1 klst.        --        nýársdag 120.000 áhorfendur

Næst mesta áhorf - desperat houswives eru með 500.000 !

Bein útsending verður á meðan Evrópusýningin stendur yfir 2 klst. x 3 daga.  
Nefnd að vinna í reglum sem taka gildi 1.jan. 2007 um lyfjanotkun, dobbelhandling o.fl.  
Þeir gefa út blað sem er annað stærsta áhugamanna blað þar í landi.

NKK 4-5 % aukning í flestu.

Að verða of margir á sýningum. Hver hundur er að jafnaði sýndur 3x á ári. 800 sem sýna  
3x eða oftar – hinir 1x

Miklu fleiri sem fara í alls konar próf en sýningar.

Þeir þurfa að leggja vsk á allt nema félagsgjöld.

Fkk eru hins vegar ekki með vsk á neinu.

Á síðasta ári nýtt skipurit hjá NKK

SKK aukn. á félögum og sýningum.

DVD – fyrir þá sem ætla að fá sér hvolp – ókeypis.

Góð samvinna við yfirvöld, meira en áður.

Óljósar reglur varðandi skott og eyrastífinger.

Menn sammála að reglur heimalandsins ráða skv. FCI

Talað um að það vanti nýjar standard myndir, ekki síst með tilliti til skott/eyrnastífinga

## **Önnur mál**

Fuglaflensan

Fuglaveiðar bannaðar í Noregi og engin próf til vors.

SSK leyfa veiðar á fjöllum

Spaniel- retriever klúbbur – engin próf fram á vor- aðeins að nota dummy.

Hafa meiri áhyggjur af hestainnflensunni í USA sem fer yfir í hunda.

FKK ekki ákveðið neinar aðgerðir vegna fuglaflensunnar.

Rætt um litun á hundun, lyfjanotkun sem er nú er þó hægt að tékka á , en vantar reglur  
hvað það varðar.

Hundahlaup – hundum gefin valmúafrae – sem hafa mikla virkni.

NKK- lyfjanotkun vandamál - Félagar þar í landi geta átt von á lyfjaprófi fyrir sína  
hunda a.m.k. einu sinni á ári, - er það gert til að halda niðri notkun.

FCI - verið að vinna með nýjar reglur - Kari Järvinen frá FKK og stjórnarmaður í FCI  
fannst margt furðulegt varðandi FCI t.d. eru 4 í stjórn frá Þýskalandi.

Næstu fundir NKU: 19. sept. 2006 í Stokkhólmi

30. janúar 2007 í Oslo

### **3. Skýrslur fastanefnda HRFÍ**

Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindanefnd, skólanefnd ættbókarnefnd og laganefnd. Fastanefndir skulu gefa stjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

Engin nefnd hafði skilað inn skýrslu fyrir lok mars og var því send áminning til allra nefndarmanna. Aðeins sýningarnefnd hefur skilað inn skýrslu.

Sýningarnefnd:

Hanna Björk Kristinsdóttir sagði frá störfum nefndarinnar.

### **4. Sumarsýning HRFÍ - Hanna Björk Kristinsdóttir**

Skv. skipuriti eiga eftirtaldar deildir að leggja til starfsfólk við sýninguna:

Ensk Setter – Irsk setter- Retriever og Unglingadeild.

### **5. Kynning á frambjóðendum til stjórnarkjörs**

Úr stjórn ganga Guðríður Valgeirsdóttir, Ástrós Gunnarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir Þær gefa allar kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Jafnframt hafa Sigurður B. Björnsson, Sigurður Magnússon og Pétur Alan Guðmundsson gefið kost á sér í stjórnarkjöri á næsta aðalfundi.

Þann 12. apríl sl. var frambjóðendum sent boð um að kynna sig og málefni sín á vefsíðu félagsins.

### **6. Önnur mál**

Formaður hvatti fulltrúa deilda til að tjá sig um starf félagsins og hvað ef til vill mætti betur fara. Fundur sem þessi væri réttur vettvangur til að koma skoðunum sínum á framfæri.

- Nýjar hundategundir – heilslufarskröfur – fylgjast deildir með því?  
Puli, Petit Brabancon og Chow Chow
- Fyrirspurn frá fulltrúa E.setter deildar - verð á veiðiprófum. Bað formaður um að fyrirspurnin bærisk með tölvuskeyti og tók hún að sér að svara erindinu.
- Fulltrúi Terrierdeildar: Cindy Petterson – alhliða hundasnyrtir (trimmer)- væntanleg á vegum deildarinnar og mun erindið verða sent til stjórnar. Formaður hvatti deildirnar til samvinnu vegna komu hennar. Lýsti form.Unglingadeildar ánægju sinni vegna væntanlegrar komu Cindyar, í ljósi þess að hún er einnig mjög hæfur dómari og leiðbeinandi fyrir unga sýnendur.

- Formaður unglिंगadeildar þakkaði formanni og stjórn velvild í garð deildarinnar
- Fyrirspurn barst frá formanni Úrvalsdeildar varðandi þjálfun á starfsfólki við hringina fyrir síðustu sýningu. Sagði hún hringverði ekki hafa staðið sig nægilega vel í þeim hring sem hún starfaði við. Soffía taldi að hringverðir þyrftu betri þjálfun og stakk t.d. uppá að Martha Björnsson, Njála Vídalín og Ástrós Gunnarsdóttir yrðu fengnar til að vera með námskeið fyrir nýtt starfsfólk.
- Umræður um DNA – Optiken.com – PRA í labrador retriever hundum
- Formaður spurði fulltrúana um þátttöku í verkefni PROKARI sbr. liður 2 í fundargerð frá fulltrúaráðsfundi 11.jan. '06
- Umræður um Sólheimakot og slæma umgengni þar.
- Albert Steingrímsson fagnaði átaki hjá DÍF- félögum um skapgerðamat. Ræddi um aðstöðuleysi skapgerðarmata og vinnuprófa. Hvatti féлага til að sýna tillit v/skapgerðarmats í Sólheimakoti!
- Rætt um áreiðanleika ættbóka með innfluttum hundum og kom fram í svari starfstúlku á skrifstofu að leiki einhver minnsti vafi á um áreiðanleika þeirra, hafi hún samband við heimalandið og/eða FCI.
- Sig. Ben. - Legbólga í tíkum. Hvattur til að segja frá á vef félagsins og e.t.v. í Sámi.
- Hanna Björk benti fulltrúum deildanna á að skrá sig, vildu þeir vera með sýningarþjálfun fyrir næstu sýningu.
- Pétur Allan ræddi um greiðslu aðgangseyris fyrir féлага sem sjá um bása deildanna, og spurði hvort fundurinn gæti samþykkt að þetta fólk fengi frítt inn á sýninguna. Formaður benti Pétri á tillögu og samþykkt fulltrúaráðsfundar 7. sept. 2005, að allt starfsfólk í básunum greiddi aðgangseyri. Niðurstaða umræðna um málið var að tveir einstaklingar skyldu vera á frímiða hverju sinni. Deildirnar koma með lista yfir starfsfólk til stjórnar félagsins, sem mun gera sitt besta að útfæra ferlið.
- Formaður leitaði eftir hugmyndum að fyrirlesara fyrir næsta vetur. Sérstaklega að hafa í huga fróðleik sem mætti nýtast sem flestum félagsmönnum. VIS AGRIA styrkir HRFÍ v.kostnaðar við einn fyrirlesara á ári.

Þar sem fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls þakkaði formaður fulltrúum fyrir góðan og málefnalegan fund.

Fundi slitið kl. 22.00

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, ritari

